

Þjóðsagnafræði

Daníel Freyr Jónsson

Hvað eru þjóðsögur?

Ævintýri:

- Gerast á óræðum tíma og stað
- Eru oft dæmisögur eða sögur með siðaboðskap
- Gera ekki kröfu um að vera tekin trúanleg

Sagnir:

- Eru yfirleitt tíma- og staðsettar
- Skírskota til þekktra staða, manneskja og/eða atburða
- Gera kröfu um að vera teknar trúanlegar
- Skiptast í reynslu- og sögusagnir

Goðsögur:

- Sögur um guði og goðsögulegar verur

Munnleg geymd

Þjóðsögur berast upphaflega
munnlega

Enginn þekktur höfundur

Þær þróast og breytast (þangað
til þær eru skrifaðar niður)

Flestar til í mörgum útgáfum

Þjóðsagnasöfnun

Hefst með rómantísku stefnunni í upphafi
19. aldar

- Áhersla á að sveitamenning/gömul menning sé „ómenguð“ af firringu nútímans

Skráðar til að forða þeim frá glötun

Grimm bræður eru upphafsmenn
þjóðsagnasöfnunar

Jón Árnason og Magnús Grímsson eru
frumkvöðlar þjóðsagnasöfnunar á Íslandi

Grimm bræður

Jacob og Wilhelm Grimm

- Menntaðir í sögu, málvísindum og textafræði
- Söfnuðu sögum fyrst og fremst frá ólæsu almúgafólki
 - Þar ættu leifar fornrar menningar að vera „óspillt“ af skólagöngu
- Settu fram vísindalega aðferð við söfnun og meðferð þjóðsagna
 - Skrifa allt orðrétt niður – ekki breyta neinu
 - Virðast sjálfir ekki hafa farið mikið eftir eigin aðferð
 - Löguðu til og breyttu sögum
 - Færri sögumenn en þeir vildu vera láta
- *Kinder- und Hausmärchen*
 - Gefið út 1812 og 1825 – þekkt í dag sem Grimmsævintýri
 - Þekktustu ævintýri samtímans eru úr þessu safni, t.d. Öskubuska, Hans og Gréta, Rauðhetta, Mjallhvít og dvergarnir sjö o.s.frv.

Jón Árnason og Magnús Grímsson

Áhrifa Grimm bræðra gætti víða, m.a. á Íslandi

Á Íslandi fóru Jón Árnason og Magnús Grímsson
fyrstir af stað að safna þjóðsagnaefni.

Gefa út smáritið *Íslenzk æfintýri* 1852

Magnús dó ungur

Jón hélt áfram að safna og gaf út safn sitt
Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri 1862-1864